

**Nr. 061 / 14 Ósk ÍS 430****Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 6852 IMO nr.  
Smíðaður: Hafnarfirði 1987 plast  
Stærð: 5,77 brl. 5,06 bt.  
Mesta lengd: 7,99 m Skráð lengd: 7,90 m  
Breidd: 2,62 m Dýpt: 1,47 m  
Vél: Perkins 52 kW 1987  
Fjöldi skipverja: 1



Ósk ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 5. desember 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 1. júlí 2014 var Ósk ÍS 430 á strandveiðum um tvær sml undan Barða. Veður: SA kaldi.

Þegar skipstjóri ætlaði að kippa á veiðislóðinni tókst honum ekki að koma vélinni í gang. Eftir árangurslausa bilanaleit óskaði hann eftir aðstoð og dró Berti G. ÍS 727 Ósk til Suðureyrar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að startarinn fékk ekki straum inn á sig þar sem segulrofi (relay) við hann hafði gefið sig.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu.